



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Funaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	7
3.1	Innra mat	7
3.2	Ytra mat	8
4	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022	10
5	Innra mat Helgustekks.....	12
3	Innra mat Fögrubrekku.....	14
4	Innra mat sérkennslu.....	15
5	Innra mat – fjöltyngd börn	16
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
8	Foreldrasamvinna	18
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10	Fylgigögn.....	20
10.1	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	20



1 Leiðarljós leikskólans

„Í hvert sinn sem þú gerir eitthvað fyrir barnið sem það hefði sjálft getað gert, heldur þú aftur af þroska þess“



2 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar starfsáætlun síðasta árs var rituð voru nefnd V-in þrjú, verkfall, veður og veira. Hver hefði trúað því að ári seinna værum við enn að berjast og skipuleggja leikskólastarfið okkar í kringum þessa veiru. Það virðist hreint ótrúlegt!

Enn horfið með okkur á björtu hliðarnar. Á þessu skólaári þurftum við aldrei að loka vegna veðurs og á þessu skólaári var ekkert verkfall sem truflaði okkur. Funaborgin, starfsfólk, börn og foreldrar hafa líka sloppið ótrúlega vel við veiruna, leikskólinn hefur verið opinn allt skólaárið.

Það má líka ef horft er á björtustu hliðarnar skoða þann nýja orðaforða sem börnin hafa lært, covid, veira, sóttkví, skimun, bólusetning o.fl. og hlusta á æðruleysið þegar börnin svara hvert öðru „það er útaf covid“.

Það er ekki úr lausu lofti gripið að segja að börn hafi frábæra aðlögunarhæfileika. Nýtt verkefni til að þjálfra aðlögunarhæfni kom inn á borð leikskólans og það verkefni er svo sannarlega bæði fyrir börn og starfsfólk. Framkvæmdir við stækkun Funaborgar eru hafnar með byggingu skógarhússins. Það skýtur kannski skökku við að um leið og Funaborgin er stækkuð minnkar útisvæði okkar til muna. Allur móinn okkar (sem við elskum) er lokaður og kemur það til af því að grafa þurfti skurð í gegnum allan móann til að tengja skógarhúsið við frárennslisbrunn.

Starfsfólk Funaborgar notaði skipulagsdag í maí til þess að gera litla garðinn okkar meira spennandi og málaðar voru akreinar fyrir hjólin,



slönguspil, Parísar og byggt var drullueldhús. Elstu börnin okkar sem þurfa mikla hreyfingu og mikið pláss hafa farið mikið út fyrir lóðina, í gönguferðir, strætóferðir og



nestisferðir svo að eitthvað sé nefnt. Við höfum keypt

mikið magn af krítum, fötum, skóflum, sápukúlum og starfsfólk er óþreytandi að fara með börnunum í snú snú og leiki.

Í greinargerð starfsáætlunar síðasta árs töldum við upp hvað væri aftur komið í gang í leikskólanum eftir veiruhlé eins og sjálfshjálpar og sjálfræðis athafnir sem við leggjum

svo mikið upp úr t.d. í matartímum. „Við gerum ráð fyrir að starfið okkar verði allt orðið á eðlilegum nótum strax eftir sumarfrí“ Svo mikið héldum við og trúðum. En það er nákvæmlega það sem við höldum og trúum í dag, við gerum ráð fyrir að starfið okkar verði allt orðið á eðlilegum nótum strax eftir sumarfrí ☺

Í Funaborg trúum við því að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfi sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptarmynstrum.



Lykilhugtök Funaborgar verða enn sem áður í hávegum höfð hamingja, leikur, málrækt, sjálfræði og heilbrigði. Við höfum sett lykilhugtökin niður á dagatal skólans til að hjálpa okkur enn að fara eftir þeim, auka skilning okkar á þeim og mikilvægi þeirra fyrir börnin.

Við notum verkfærin okkar þrjú, sem eru aðalsmerki Funaborgar. Þessi verkfæri eru **fimmínútnareglan**, **val** og að segja **já í 99% tilfella**. Í raun má segja að þessi verkfæri tengist öll jákvæðri sálfræði. Fyrir breytingar í athöfnum barnanna gefum við aðvörun, við segjum: „Það eru **fimm mínútur** þangað til að við...“. Þannig koma breytingar börnunum ekki illa, þau eru sáttari, þau klára verkefnið, leikinn sem þau eru í þá stundina og vita alltaf til hvers er ætlast til af þeim. Þegar börnin hafa **val** eykur það á sjálfræði þeirra og sjálfstæði. Börnin hafa **val** um leikefni, geta valið að flytja sig og efniviðinn á milli staða, val um hvernig þau leggja á borð o.s.frv. Stundum þegar ekkert val er, t.d. þegar kalt er úti og útifatnaður nauðsynlegur er hægt að velja, viltu bláu vettlingana eða grænu? Að segja **já í 99% tilfella** er ekki síðra verkfæri fyrir kennarahópinn en barnahópinn. Samskiptin við börnin verða jákvæðari og við það verður starfið einnig jákvæðara. Það er stór munur á því að svara barni sem spyr í matartíma hvort það megi fá meiri mjólk, „já þegar þú ert búin að klára matinn“ eða „nei þú ert ekki búin með matinn“. Kennarar læra að hugsa, hvers vegna ætla ég að segja nei áður en þeir svara barni og öðrum samkennurum og um leið verður starfið meira lifandi og opið, fullt af tækifærum og nýjungum. Verkfærin okkar þrjú eru ásamt því að vera tengd jákvæðri sálfræði frábær leið til að efla sjálfræði barna. Þegar

starfsfólk nær góðum tókum á verkfærunum getum við með sannni sagt að unnið sé að eflingu sjálfræðis barna á leikskólanum.

Við sóttum á skólaárinu sem er að líða um styrk til áframhaldandi innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkurborgar í samstarfi við þrjá aðra leikskóla: Sunnufold, Hólaborg og Engjaborg. Ráðgert var að halda sameiginlega ráðstefnu þessara leikskóla á starfsdegi. Ráðstefnan okkar varð ekki að veruleika þetta árið. „*Það er útaf Covid*“ sem við höfum einnig þurft að læra eins og börnin.

Í ár sækjum við bæði um í A og B hluta þróunarsjóðs Menntastefnunnar. B hlutann sækjum við um í samstarfi við áðurnefnda leikskóla og undir leiðsögn verkefnastjórans okkar hennar Önnu Magneu Hreinsdóttir aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. B hluta styrkurinn er til þriggja ára og ber heitið *Flæði og samþætting: Hvernig beitum við okkur best og hvernig metum við og börnin samstarfið okkar í leikskólanum*. Hlutverk kennara í leik barna er það sem við leggjum áherslu á fyrsta árið af þessum þremur.

A hluta styrkurinn er til eins skólaárs og á Funaborg munum við nýta hann til að dýpka okkur enn í hlutverki kennara í leik samfara þeim fróðleik sem B hluta styrkurinn færir okkur.

Þetta skólaár stefnum við á foreldrafund í húsi (að hausti). Við trúum því að eftir undangengið tímabil vilji fólk hittast í raunheimi. En okkur langar til að gefa út verkærin okkar á rafrænan máta (sjá hér að ofan). Við höfðum ætlað okkur það á síðasta skólaári en það gafst einfaldlega ekki tækifæri til þess. Við trúum á boðskap og notagildi verkfæranna. Okkur langar til að fleiri geti nýtt sér þau. Þau eru einföld og þau virka!

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

3.1 Innra mat

Markmið okkar var að prófa nýtt fyrirkomulag með foreldrafund á rafrænu formi, bæði vegna þess að illa hefur verið mætt á fundi og vegna Covid ástands. Þessu markmiði náðum við og teljum að við höfum lært vel af þessari reynslu. Foreldrafundurinn var bæði á íslensku og á ensku. Við notuðum áfram myndböndin góðu með starfsmannahópnum sem unnin voru vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur. Myndböndin hafa fengið fastan sess hjá okkur í nýliða starfi. Myndböndin eru á íslensku, ensku og pólsku. Myndböndin má finna á síðu Menntastefnu Reykjavíkur.

Við hugsuðum stórt og hugmyndin var að gefa verkfærin okkar út á rafrænan máta, en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu varð ekki úr því. Þess vegna er verkfæra verkefnið okkar aftur á lista í ár.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Rafrænn foreldrafundur	Könnun send foreldrum barna á leikskólanum. Könnunin var bæði á ísl og ensku	Foreldrar	Þátttakan var ágæt eða rúmlega 50% af foreldrum sem svöruðu. Foreldrar voru almennt ánægðir með rafrænan foreldrafund.
Samtal við elstu börnin	Á leikskóla með deildarstjóra	Börnin fædd 2015	Börnin í græna hóp, voru almennt mjög ánægð með leikskólastarfið. Öll börn upplifðu sig góð í einhverju og öll segjast eiga góða vini í leikskólanum. Langflestum börnunum fannst allur maturinn í leikskólanum góður. Þegar börnin voru spurð hver ræður hvað þau gera í leikskólanum svöruðu mörg þeirra með nöfnum kennarana.

Starfsmannasamtöl	Samtal við Leikskólastjóra	Allt starfsfólk	Snerpu samtöl voru tekin og starfólk spurt um líðan, starfsanda og ánægju. Allir ánægðir en telja þó að betur megi gera í samskiptum starfsmanna á milli. Koma fram við aðra eins og þú vilt að sé komið fram við þig

3.2 Ytra mat

Viðhorfskönnun var send foreldrum á vegum Reykjavíkurborgar á vorönn 2021 og var svörum foreldra í Funaborg var mjög góð eða 83,3%.

Einnig var send viðhorfskönnun á vegum Reykjavíkur til starfsmanna á leikskólanum, líka á vorönn 2021.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf foreldra til leikskólastarfsins	Viðhorfskönnun á vegum Reykjavíkurborgar send á email foreldra	Foreldrar	Styrkleikar miðað við svör foreldra eru að börnunum líður vel í leikskólanum (fyrir ofan meðaltal í R.vík) Foreldrar telja börnin sín örugg og andrúmsloft í leikskólanum vingarlegt. Veikleikar miðað við svör foreldra felast í því að foreldrum finnst þeir ekki nægjanlega vel upplýstir um framfarir barna sinna. Samkvæmt svörum foreldra þurfum við einnig að bæta okkur í því að leita eftir tillögum um leikskólastarfið hjá foreldrum og hvetja þá til þátttöku í leikskólastarfinu

			Svörun var 83,3%
Viðhorf starfsmanna til starfsstaðarins	Viðhorfskönnun á vegum Reykjavíkurborgar send á email starfsmanna	Allt starfsfólk	Styrkleikar: Allir þættir könnunarinnar eru hærri en fyrir ári og liggur hækkunin í starfsánægju og starfsfólk telur að starfsumhverfi sitt sé hvetjandi og jákvætt. Í könnuninni kemur fram að hvorki er upplifun um einelti eða áreitni frá samstarfsfólki á vinnustaðnum. Veikleikar: Starfsfólk upplifir að vinnuálag sé mikið, að það þurfi að vinna á miklum hraða. Starfsfólk vill gjarnan fá meira hrós og hvatningu fyrir vel unnin störf. Starfsfólk vill meiri umræðu um starfið sitt. Vinnuaðstæður eru taldar af mörgum ekki nægjanlega góðar Svarhlutfall er 93,3%



4 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁ T MATSPÁT	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Starfsþr.samt /snerpusamt.	Að hafa eitt þróunarsamtal við leikskólastjóra á ári, hrós og hvatning til starfsmanna (lengra samtal) þar sem tími er gefinn fyrir frjálst spjall, einnig. Snarpusamtöl verða tvö ári í höndum deildarstj. Hrós og hvatning til starfsmanna	Við setjum samtölin inn í dagatal leikskólans	Leikskólastjóri, deildarstjórnar	Starfsþróunar samtöl í nóv og snerpum samtöl í október og mars	Nóv október, mars	samtalsform	Ánægðara starfsfólk, að raddir allra heyrist, að læra um hæfileika starfs. til að nýta mannauðinn
Uppeldis- og menntastarf							
Menntastefnan	Samþættingu og flæði- Hlutverk kennara í leik barna	Mánaðarlegir fyrirlestrar og umræður fyrst í stjórnanda hóp og svo á deildar fundum	Stjórnanda hópur	Ágúst 2021	Mai 2022	Matsfundur í maí	Virkara starfsfólk. Meiri vitund um hlutverk kennarans í leik barna
Mannauður/ Leikskólabragur							
Verkfærin okkar	Senda verkfærin út til foreldra rafrænan máta	Gerum myndb. með útskýringu verkfæra-anna okkar	Leikskólastj., Aðstoðar-Leikskólastj., deildarstj.	Haut-önn	Vorönn	Fengin verður myndatökum á hús til að taka upp myndband. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórnar gera handrit, safna gögnum og undirbúa tölur	Að foreldrar fái enn betri sýn og skilning á verkfærunum okkar
Aukin virkni og	Vinna að starfsmannah andbók	Unnið að hlutum úr starfsmannah andbók á starfsdögum á	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Mars, apríl, maí	?	Símat á fundum, og í könnunum á fb.	Starfsmannah andbók, fullgerð.



árangursrík samskipti Starfs manna		deildafundum og á fb síðu starfsmanna				Viðhorfskönn un R.víkurborgar	
Innra mat							
Stytting vinnuvikun nar	Endurmat á styttingu, tímar, dagar ofl	Framkvæmu m með könnun a starfsmanna fb síðu	Vinnuhópur um styttingu	Okt 2021	Okt 202 1	Könnun á fb	Ánægja eða óánægja, þurfum við að breyta skoða nýjar leiðir? Verður vinnuálagið minna vegna styttingar?
Að bæta upplifun foreldra af samskiptu m og þátttöku í leikskólast arfinu	Foreldrasamt öl Völu appið, Facebook síða leikskólans Símtöl til foreldra frá deildastjóra ef eitthvað bjátar á	Tvö ákveðin foreldrasamtöl á skólaári. Eitt í raunheimi, eitt í síma. Völu appið, kynnt á foreldrafundi að hausti og sendar ítrekanir um ágæti þess Facebook síða leikskólans, áfram nýtt til upplýsingargjaf ar. Foreldrar hvattir til að hafa samband símaleiðis við deildastjóra til að upplýsingar fari rétta leið	Stjórnanda teymi	Allt árið		Viðhorfskönn un foreldra á vegum Reykjavíkurb orgar	Að niðurstöður verði betri í könnun meðal foreldra



5 Innra mat Helgustekks

Þetta skólaárið hefur Covid enn haft mikil áhrif og við þurft að finna okkur nýjar leiðir og aðferðir að starfi okkar með börnum. Sem dæmi má nefna Alþjóðlegan bangsadag þar sem í venjulegu árferði mæta öll börn með bangsann sinn í leikskólann. Bangsadagur án bangsa var nýttur sem tækifæri til að efla börnin og þau spurð hvernig við gætum unnið úr þessum degi sem vissulega þurfti að vera óhefðbundinn. Börnin í elsta hópnum komu í umræðuhóp með hugmyndir um að búa bara til bangsa hvert og eitt og svo varð úr.

Markmið voru sett í starfsáætlun um sjálfsefningu barna og ákveðið var að nota til þess allar aðferðir sem okkur hafa nýst vel í gegnum tíðina. Þá var einnig lagður spurningalisti fyrir elsta hópinn, ýmsar spurningar sem lúta að líðan barna í leikskólanum, að vináttu og hugmyndum þeirra um hvernig gera má gott betra eða breyta því sem ekki gengur vel.

Þegar börnin voru spurð hver það er sem ræður í leikskólanum og hver ræður því hvað þau gera voru mörg (vel flest) sem sögðu að kennararnir réðu. Börnin voru ánægð með matinn, fannst vanta hamborgara og pitsur. Öll börnin áttu auðvelt með að nefna vini sína, allir áttu vini. Öll börnin vildu vera búin að læra stafi og sum að læra að lesa áður en þau færu í grunnskólann



Á hverju deildarfundi Helgustekk var tekinn frá tími til þess að ræða um barnahópinn, hverju þyrfti að breyta, hvað þyrfti að gera nýtt og hvað væri að virka. Til dæmis var stórum yngri barna hóp skipt upp í tvo minni til að börnin fengju meira næði til að leika og skapa og færri árekstrar yrðu.

Starfsfólk á Helgustekk horfði allt á sjálfsefningarmyndböndin sem unnin voru í samstarfi við þrjá aðra leikskóla. Myndböndin standa fyllilega fyrir sínu og aldrei er góð vísa of oft kveðin. Myndböndin eru tvö og þau má finna inni á síðu menntastefnunnar.

<https://menntastefna.is/tool/myndbond-um-sjalfsefningu-fyrir-starfsfolk-leikskolanna/>

Eins hafa þessi myndbönd verið send á foreldra, því við teljum þau vera öllum til gagns.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling	Að barn taki ákvarðanir sjálft.	Að starfsfólk taki ekki svörin af börnum heldur noti alltaf opnar spurningar, hvað, hvernig, hvers vegna og hafi í huga styrk barna til að framkvæm a hugmyndir sínar	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Haut 2021	Vor 2022	Metið áfram á deildarfundum (hálf mánaðarlega). Spurningarlisti fyrir börn tveggja elstu árgangana.	Að starfsfólk öðlist betri skilning á því hvað felst í sjálfsfellingu barna. Að starfsfólk noti verkfærin okkar til að efla börnin; val, fimm mínútur og já í 99% tilfella.
Umhverfið sem þriðji kennarinn	Að gera breytingar á umhverfi deildar	Að börn nái sjálf í og sjái þann efnivið sem er í boði og að blöndun efniviðar sé sjálfsögð. Fyrirlestur á starfsdegi frá sérfræðingi	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Haut 2021	Vor 2022	Myndrænar skráningar, yfirlitarnar á starfsdegi, deildarfundum. Ef umhverfi er óvirkt gera breytingar.	Að hópastarf gangi vel á hverju svæði fyrir sig, að svæðum sé breytt í hag barnanna.
Efniviður	Söfnun verðlauss efnis	Fáum hugm. frá starfsfólki og börnum og notum allar leiðir til að safna efnivið, hjá foreldrum og börnum ásamt því sem starfsfólk ber inn.	Deildarstjóri, deildarstarfsmenn , börnin, foreldrar (leikskólasamf.	Haut 2021	Vor 2021	Myndrænar skráningar. Umræður í barnahópnum. Ný spurning á spurningalistann í tengslum við efniviðinn.	Að sjá og upplifa að börnin gangi í efnivið og vinni úr hugmyndu m sínum.



3 Innra mat Fögrubrekku

Þetta skólaár hefur Covid enn haft nokkur áhrif og við þurft að finna nýjar leiðir í starfi okkar með börnin. Það hefur t.d. ekki mátt koma með dót að heiman og það getur verið erfitt fyrir yngstu börnin að fá ekki að hafa bangsann sinn, dúkku eða annað sem veitir þeim öryggisfinningu við aðskilnað, en okkur hefur tekist mjög vel að vera lausnarmiðuð og finna eitthvað annað sem hefur komið í staðinn og hefur þetta ekki verið neitt vandamál.

Markmið okkar í starfsáætlun voru sett á Jákvæðni, með því að eiga jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu, svo að við lærum á eigin þarfir, tilfinningar og upplifun í tengslum við samskipti við aðra. Viðurkenna sjónarhorn og tilfinningar barna.

Unnið var með gleði, vináttu og virðingu – sett voru orð á tilfinningar og upplifunin tengd samskiptum og líðan (myndrænt)

Hópastarf okkar hélst inni að öllu leiti eins og áætlað var, nema að við byrjuðum með að skipta börnunum í tvo hópa en ákváðum svo að skipta í þrjá minni hópa, til þess að allir mættu eiga meira næði til vinnu og sköpunar.

Á deildarfundum á Fögrubrekku var markvisst farið yfir hvað er að ganga vel og hvað er hægt að bæta og hvernig.

Myndrænar skráningar í ferilmöppur barnanna.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að leggja inn orð, nefna allar athafnir. Lestur bóka þulur, söngur, spil	Tala við börnin í öllum athöfnum dagsins, setja orð á alla hluti.	Deildarstjóri og deildast. menn	Sept '21	Júlí '22	Skráning/athugun . Metið á deildarfundum og á starfsdögum	Að börnin öðlist aukinn orðaforða og sterkari hljóðvitund
Sjálfshjálp/sjálfsefling	Að börnin geti klætt sig, matast/borðað sjálf og gengið frá eftir sig	Gefa börnunum góðan tíma og tækifæri til að gera sjálf og æfa sig	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Haus t 2021	Vor 2022	Að aðstoða og kenna að gera sjálf. Metið á deildarfundum og starfsdögum	Að börnin geti klætt sig sjálf, borðað sjálf með hnífapörum og gengið frá eftir sig

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Börn sem eru á leið í greiningu og/eða hafa fengið greiningu fá sér þjálfun við sitt hæfi. Í teymi (foreldrar, greiningaraðilar, sérkennslustjóri, sérkennsluaðili) er ákveðið hvað og hvers konar þjálfun fer fram. Þjálfun fer fram á deild og í hóp ásamt einstaklingsþjálfun. Tvítýngd börn sem þurfa á þjálfun í íslensku að halda fá þjálfun í hóp og einstaklingsþjálfun. Símat er í atferlisþjálfun og skipulagðri kennslu á þar til gerðum eyðublöðum
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	AEPS listinn, Skráningareyðublöð v/ atferlisþjálfunar og skipulagðrar kennslu, Hljóm-2 fyrir elsta hópinn, listar sendir frá þjónustumiðstöð, vegna ADHD, kvíða og hegðunar t.d.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Heimagert námsefni til dæmis fyrir innlögn orða og hugtaka ásamt fínhyrfiverkefnum, Í það verkefni, sögubækur, félagsfærnisögur, Lubbi finnur málbein, Stafastuð, Tákn með tali, Widgeit Aðkeypt voru bækur, spil, styrkir, skynjunarleikföng



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Virkja starfsfólk enn frekar til notkunar á þessu verkfæri. Kynnt á starfsmannafundi 03. sept	Setja inn fyrirfram ákveðin fyrirmæli fyrir „Gefðu 10“. T.d. liti, tölur, afstöðuhugtök	Sérk. stj	Allt árið	Allt árið	Með þar til gerðum skráningarblöðum	Aukin færni barna
Fyrirlestrar um einhverfu og ADHD	Fræða starfsfólk um mismunandi þarfir nemenda	Horft á fyrirlestra frá ráðstefnu á vegum Menntastefnu Reykjavíkur (frá 10. maí 2021)	Leikskólastjóri, aðst. leiksk. stj. Sérkennslustj	Starfsdagur í október Einhverfa Starfsdagur í janúar ADHD		Metið með umræðum	Aukin skilningur starfsmanna

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virki þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Spil voru endurnýjuð og einnig keypt ný spil. Keyptar bækur sem henta sérstaklega vel til málörvunar. Keyptir kassar og efniviður í þá fyrir málörvun á deildum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	„Gefðu 10“ hefur lengi verið notað í Funaborg. Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á daglegar athafnir og nýta sérstaklega heppilegar stundir til þess eins og fataklefann, matartíma, handþvottartíma o.s.frv
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Sérkennslustjóri hefur séð um skipulagðar málörvunarstundir fyrir fjöltyngd börn, miðlað til deilda og deildar taka við og halda dýpkun áfram. Það er lesið, sungið og haldnir fundir á hverjum degi þar sem farið er yfir það sem er á döfinni. Í



	Samverustundum og söngstundum eru orð sem börnin þekkja ekki útskýrð fyrir þeim
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hefur ekki verið gert en stefnt er á að nota „Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“ á næsta skólaári (nýtt verkfæri).
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Ekki markvisst eða skráð en auðvitað sinnt. Vonumst til betri og markvissari skráningu með nýju verkfæri „Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn“

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Virkja starfsfólk enn frekar til notkunar á þessu verkfæri	Setja inn fyrirfram ákveðin fyrirsmæli fyrir „Gefðu 10“. T.d. liti, tölur, afstöðuhugtök	Sérk. stj	Allt árið	Allt árið	Með þar til gerðum skráningarblöðum	Aukin færni barna
Saga fyrirlestur	Að fá að kynnast nýju verkfæri í tengslum við fjölm.	Að styðja við framfarir erl. barna í ísl.	Tengiliður fjölmenn.	starfd	starfsd	Símat á starfsd. Spjall í starfsm hóp	Aukin hæfni barna og virkni starfsm.
Hæfniramar í íslensku	Við kynnumst þessu verkfæri á fyrirlestri hjá Sögu	Prófum okkur áfram. Ný matstæki sem meta framfarir fjöltyngdra barna	Tengiliður Fjölm.	Allt árið	Allt árið	Ákveðið síðar	Aukin hæfni barna með fjöltyngi (Einstkl. námskr)

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Fræðsla til starfsmanna mun fara fram með fyrirlestrum t.d. á starfsdögum. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um alla þá fræðslu sem verður í boði.

Við munum bóka fyrirlestur hjá Sögu Stephensen (SFS) um Hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Fanný Heimisdóttir mun flytja fyrirlestur um „Umhverfið sem þriðji kennarinn“. Herdís Storgaard mun vera með námskeið í skyndihjálp fyrir börn.

Létt kynning á „gefðu 10“ Sérkennslustjóri

Fyrirlestur um einhverfu. Á vegum menntastefnu Reykjavíkur

Fyrirlestur um ADHD. Á vegum menntastefnu Reykjavíkur

Menntastefnan – Flæði og samþætting – Hlutverk kennara í leik barna

Fyrirhugaðir eru tveggja tíma fundir með stjórnendum leikskólanna í verkefninu (Sunnufold, Funaborg, Hólaborg og Engjaborg) í ágúst, september, október og einnig einu sinni í mánuði eftir áramót. Stjórar skólanna hittast og horfa á fyrirlestur, eftir fyrirlesturinn eru umræður og þælingar. Deildastjórar sýna svo fyrirlesturinn á deildafundi og halda uppi umræðum með starfsfólk sínu.

Einnig er fyrirhugaður hálfur starfsdagur í verkefnið og einn starfsmannafundur að kvöldi.

Starfsþróunarsamtöl með leikskólastjóra verða í nóvember.

Snerpusamtöl starfsmanna og deildarstjóra verða í október og mars.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Funaborg verður í ár í samstarfi við Hamraskóla. Elsti árgangur fer í skólaheimsóknir með leikskólanum Klettaborg. Þá verður samstarf við frístundarheimilið Simbað sæfara. Dagskráin er ekki tilbúin, kemur frá Hamraskóla haust 2021.

8 Foreldrasamvinna

Í ár ætlum við að hafa foreldrafund í húsi, þrátt fyrir að vel hafi gengið á síðasta ári með rafrænan foreldrafund. Við höldum að fólk vilji mæta í hús, sýna sig og sjá aðra eftir Covidíð mikla. Fundurinn er dagsettur í september. Á þessum fundi er kosið í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráð.



Á síðasta ári var planið að gefa „verkfærin okkar“ út á rafrænan máta til foreldra, til að dreifa góðum boðskap þeirra. Okkur vannst það verkefni ekki nægjanlega vel og settum það því aftur á dagskrá þetta skólaárið.

Foreldrasamtöl verða tvisvar yfir skólaárið. Einu sinni í húsi og eitt samtal í síma. Foreldrar geta hvenær sem er utan þessa ákveðna tíma óskað eftir samtali, hvort sem er við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra eða leikskólastjóra.

Í desember baka börnin og bjóða foreldrum sínum í foreldrakaffi. Öfum og ömmu er svo boðið í vöflur í mars.

Í samvinnu við foreldrafélag er piparkökumálun og hrísgrjónagrautur seinni part dags í nóvember. Foreldrafélagið hefur stundum haldið bingó til fjáröflunar og þá er það haldið í leikskólanum. Sumarhátíð er haldin í júní og þar koma börn, starfsfólk og foreldrar saman og gleðjast. Elsti árgangur leikskólans býður foreldrum sínum til útskriftarveislu í maí.

Foreldraráð, leikskólastjóri og tengiliður starfsmanna hittast á nokkrum fundum yfir árið og ræða málín. Foreldraráð kemur að öllum stærri ákvörðunarmálum leikskólans og foreldraráð les yfir starfsáætlun og samþykkir áður en henni er skilað.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólar Reykjavíkur eiga sex starfsdaga á ári, þrír af þeim eru sameiginlegir grunnskólanum og dagsetning hinna þriggja er val starfsmanna í leikskólanum.

Þetta skólaárið eru starfsdagarnir þessir:

- 03. september – fyrirlestur um einhverfu
- 04. október sameiginlegur með grunnskólanum – fyrirlestur um ADHD
- 26. nóvember verkefni tengd styrk menntastefnunnar
- 07. febrúar sameiginlegur með grunnskólanum. Leikskólaráðstefna
- 09. maí sameiginlegur með grunnskólanum
- 10. júní Endurmat



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 Viðburðaskrá

Fylgiskjal 3 Dagatal leikskólans

Fylgiskjal 4 Könnun Funaborgar meðal foreldra

Fylgiskjal 5 Könnun Funaborgar meðal foreldra á ensku

F. h. leikskólans

Agnes Jónsdóttir 30.06.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Leikskólinn Funaborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa

Birta Ísólfsdóttir

Daði Rafn Jónsson

Svanhildur Anna Gestsdóttir

Fríða Björk Skúladóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Funaborgar fyrir veturinn 2021 – 2022 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Síðastliðinn vetur hefur verið krefjandi á margan hátt og starfsemi Funaborgar óhjákvæmilega ekki eins sýnileg foreldrum og fyrri ár. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig þær áskoranir sem Covid hefur sett leikskólastarfinu hafa verið leystar á árangursríkan hátt með það að marki að viðhalda metnaðarfullu leikskólastarfi. Óhjákvæmilega hafa árlegir viðburðir fallið niður og sýningar á listaverkum barnanna verið færðar fram í fataklefa. Upplýsingaflæði til foreldra hefur verið gott í

formi skilaboða á Facebook síðu, tölvupósti og auglýsingum í fataklefum. Minna hefur verið um persónuleg samskipti foreldra og starfsmanna en við vonum að með minni höftum aukist þau aftur.

Við lestur á innra mati leikskólans er greinilegt að allir vinna saman að því markmiði að gera Funaborg að leikskóla þar sem börnin dafna vel í leik og starfi. Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugasömum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna. Starfsfólk er jafnframt vakandi fyrir að bregðast við og er óhrætt við að breyta um plön þegar þörf er á.

Sótt hefur verið um styrki til að innleiða Menntastefnu Reykjavíkurborgar og vonum við að komandi vetur verði betur til þess fallinn að halda því verkefni lifandi. Starfsfólkið hefur mikla trú á störfum sínum og setur velferð og þroska barnanna í fyrirrúm. Þannig vilja þau breiða út það sem hefur reynst þeim vel og gefa fjölskyldum barnanna tækifæri til að nýta góðu „verkfærin sín“ og sjálfræði barnanna eflist á fleiri vettvöngum.

Það er gleðilegt að starfsánægja starfsfólks mælist hærri nú en áður. Miklar breytingar eru framundan í starfsumhverfinu með stækkun leikskólans og mun starfsaðstaða væntanlega batna til muna. Vegna framkvæmda mun komandi ár þó verða krefjandi en vonandi sér það frábæra starfsfólk sem Funaborg býr yfir þó ljós við enda gangnanna eftir langa bið eftir bættri vinnuaðstöðu.

Við bíðum flest óþreyjufull eftir að allt falli aftur í sama farið eftir síðastliðið ár en við höfum einnig lært margt af Covid tímanum. Það verður því spennandi að fylgjast með þeirri þróun sem verður á starfsemi Funaborgar á komandi vetri .

Fyrir hönd foreldraráðs,

Birta Ísólfsdóttir, Daði Rafn Jónsson, Fríða Björk Skúladóttir og Svanhildur Anna Gestsdóttir.





Viðburðaskrá

Ágúst

Lykilhugtakið hamingja

Aðlögun nýrra barna inn á Fögrubrekku og Helgustekk

Flutningur barna af Fögrubrekku og Helgustekk

September

03. september starfsdagur – Námskeið slys á börnum

17. september Appelsínugulur dagur

21. september – Foreldrafundur – tímasetning síðar

Ódagsett

sept til nóvember tvo námskeið 2016 árgerð í Fjölskyldu og húsdýragarðinum

Október

Lykilhugtakið málrækt

04. október sameignlegur starfsdagur með grunnskóla

15. október Bleikur dagur

Ódagsett

Alþjóðlegur bangsadagur

Bókasafnsferð 2017 árgerð

Foreldrasamtöl

Nóvember

08. nóvember Baráttudagur gegn einelti

16. nóvember Dagur íslenskrar tungu

20. nóvember Dagur mannréttinda barna

25. nóvember Piparkökumálun foreldrafélagsins

26. nóvember starfsdagur - menntastefnan

Jólagleði starfsmanna

Ódagsett

Bókasafnsferð 2017 árgerð

Körfugerð fyrir foreldrakaffi

Desember

01 og 02 desember bakstur

03. desember foreldrakaffi

13. desember jólamatur og jólaball barna í Funaborg

17. desember Rauður dagur

21. desember Náttfatadagur á stysta degi ársins. Kósí dagur

Ódagsett

Elstu börn fara í heimsókn í Árbæjarsafn og sjá jólin í gamla daga (2016)

Janúar

Lykilhugtakið Leikurinn

06. janúar, þrettándinn, síðasti dagur jóla skv. íslenskir jólahefð

21. janúar Bóndadagur. Þorrablót, allir mæta í einhverju úr lopa

Ódagsett

Bókasafnsferð 2017 árgerð

Febrúar

06. febrúar Dagur leikskólans

07. febrúar Starfsdagur – leikskólaráðstefna

11. febrúar Svart/hvítur dagur

14. febrúar Bolludagur, Bollur í hádeginu og rjólabollur í kaffinu

15. febrúar Sprengidagur, saltkjöt og baunir, tókall og borðum þar til við springum

16. febrúar Öskudagur, sannkallaður krakkadagur, búningar eða furðuföt, kötturinn sleginn úr tunnunni, pylsusjoppa og djús í hádeginu og kaka í kaffinu. Dans, frjáls leiksvæði á milli deilda og bío, verður það nokkuð betra?

20. febrúar konudagurinn

Ódagsett

Bókasafnsferð 2017 árgerð

Mars

Lykilhugtakið Sjálfræði

17. mars Afa og ömmu vöflukaffi

18. mars Rokkum á sokkum – dagur Downs heilkennis, allir mæta í ósamstæðum sokkum.

Ódagsett

Bókasafnsferð 2017 árgerð

Ferð 2017 árgangsins í þjóðminjasafnið

Apríl

08. apríl Gulur dagur

14. apríl Skírdagur

15. apríl föstudagurinn langi

17. apríl Páskadagur

18 .apríl annar í páskum

21. apríl Sumardagurinn fyrsti

Ódagsett

Bókasafnsferð 2017 árgerð

ferð 2017 árgerð í dótasafnið í Árbæjarsafni

Maí

09. maí sameiginlegur starfsdagur með grunnskólanum

23. maí Útskrift elstu barna , veisla pálinuboð

28. maí Uppstigningardagur

Ódagsett

Bókasafnsferð 2017 árgerð

Júní

1. júní Þriggja ára afmæli Funaborgar og snúðaskokk

5. júní Hvítasunna

6. júní annar í hvítasunnu

10. júní starfsdagur

23. júní Jónsmessuhátíð

Júlí

Skil á starfsáætlun

Annað sem ekki er búið að setja niður á mánuði

Sinfónía Íslands býður elstu börnum á tónleika

Þjóðleikhús og borgarleikhúsið bjóða elstu börnum í heimsókn

Samstarf við Hamraskóla og Sinbað sæfara (frístundarheimili)

Slökkviliðið kemur í heimsókn elsti árgangur

Umferðarfræðsla elsti árgangur

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ												
1	S		1	M		1	F	Málrækt lykilhugtak	1	M	Starfsþróunarsamtöl	1	M	Fullveldisdagurinn Baka	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ	Sjálffræði - lykilhugtak	1	F		1	S	Verkalyösdagurinn	1	M	snúðaskokk afmæli Funab
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ		2	F	Baka	2	S	Leikurinn lykilhugtak	2	M		2	M		2	L		2	M	Heilbrigði - lykilhutak	2	F	
3	Þ		3	F	Starfsdagur - Herdís	3	S		3	M		3	F	Foreldrakaffi	3	M		3	F		3	F		3	S		3	Þ		3	F	
4	M		4	L		4	M	Sameiginl. starfsdagur	4	F		4	L		4	Þ		4	F		4	F		4	M		4	M		4	L	
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ		5	F		5	S	Hvítasunnudagur
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M		6	F		6	M	Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ	Aðlögun á Fögrubrekku	7	F		7	S		7	Þ		7	F		7	M	Starfsdagur	7	M		7	F		7	L		7	Þ	
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ		8	F	Gulur dagur	8	S		8	M	
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M		9	L		9	M	Sameiginl. starfsdagur	9	F	
10	Þ		10	F		10	S		10	M		10	F		10	M		10	F		10	F		10	S	Pálmásunnudagur	10	Þ		10	F	Starfsdagur
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Svarthvitur dagur	11	F		11	M		11	M		11	L	
12	F	Hamingjan lykilhugtak	12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F		12	S	Sjómannadagurinn
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M	Jólaball og jólamatur	13	F		13	S		13	S		13	M		13	F		13	M	
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F		14	M	Bolludagur	14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F	Skírdagur	14	L		14	Þ	
15	S		15	M		15	F	Bleikur dagur	15	M		15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S		15	M	
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M	Öskudagur	16	M		16	L		16	M		16	F	
17	Þ		17	F	Appelsínugulur dagur	17	S		17	M		17	F	Rauður dagur	17	M		17	F		17	F	Afa og ömmu kaffi	17	S	Páskadagur	17	Þ		17	F	Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M	Snerpu samtöl FB og HS	18	F		18	L		18	Þ		18	F		18	F	Rokkum á sokkum	18	M	Annar í páskum	18	M		18	L	
19	F		19	S		19	Þ		19	F		19	S		19	M		19	L		19	L		19	Þ		19	F		19	S	
20	F		20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M		20	F		20	M	
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Náttfatadagur	21	F	Þorablót - bóndadagur	21	M		21	M		21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L		21	Þ	
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ		22	F		22	S		22	M	
23	M	Aðlögun Helgustekk	23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M		23	L		23	M	Útskrift	23	F	Jónsmessa
24	Þ	Aðlögun Fagrabrekka	24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F		24	S		24	Þ		24	F	
25	M		25	L		25	M		25	F	Piparköku málin foreldraf	25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F		25	M		25	M		25	L	
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F	Starfsdagur	26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur	26	S	
27	F		27	M		27	M		27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M		27	F		27	M	
28	L		28	Þ	Foreldrafundur í húsi	28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M		28	M		28	F		28	L		28	Þ	
29	S		29	M		29	F		29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	F		29	S		29	M	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	L		30	M		30	F	
31	Þ				31	S					31	F	Gamlársdagur	31	M						31	F				31	Þ	Útskriftarferð				


Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Foreldrakönnun Funaborgar (Svör)


1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með rafrænan foreldrafund?

15 svör



2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú kjósir að hafa rafrænan foreldrafund á næsta ári?

15 svör



3. Er eitthvað sérstakt sem þú vilt taka fram?Vinsamlega svarið í stuttum texta

4 svör

Finnst þetta flott lausn miðað við ástand. Ég myndi hinsvegar alltaf kjósa að mæta væri það í boði.

Finnst það persónulegra.

Þið eruð flottastar.


Nei takk

Stutt svar: “Nei”

Funaborg research (answers)


1. How happy or dissatisfied are you with an electronic parent meeting?

5 svör



2. How likely or unlikely is it that you will choose to have an electronic parent meeting next year?

5 svör



3. Is there anything special you want to say about this meeting?Please answer in a short
text1 svar

No thanks